

Frumvarp til laga

um

Vitagjald.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

1. gr.

Fyrir hvert fiskiskip og hvert mótorskip eða gufuskip, nema herskip og skemtiskip, sem hafnar sig einhversstaðar á Íslandi, eða haldið er úti hér af landi, skal greiða í vitagjald 25 auro af hverri smálest af rúmmáli skipsins, þó aldrei minna en 5 kr.

Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga, svo og islenzk fiskiskip, greiða vitagjaldið einu sinni á ári. Ef þau eru skrásett hér á landi, greiða þau gjaldið þar sem þau eru skrásett, ella á fyrstu höfn, sem þau taka við Ísland á árinu. Önnur skip en þau, er nú voru talin, greiða vitagjald í hverri ferð, er þau koma frá útlöndum, og greiða þau gjaldið á þeirri höfn, er þau taka fyrst.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annarra ríkja

um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gjörð út til fiskiveiða hér við land.

2. gr.

Vitagjaldið rennur í landssjóð. Lögreglustjóri eða sá maður, sem hefir á hendi afgreiðslu útlendra skipa á staðnum (hreppstjóri eða umboðsmaður sýslumanns), skal innheimta gjaldið. Af útlendum fiskiskipum ber innheimtumanni 20% af gjaldinu.

Skyldur er skipstjóri að sýna lögreglustjóra eða umboðsmanni hans dagbók skipsins.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 10—200 kr. sektum til landsjóðs, að svo miklu leyti sem atferli hans á ekki að sæta þyngri hegningu.

Með mál út af brotum gegn þeim skal fara sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Hér með eru úr gildi numin lög 16. nóvbr. 1907, um vitagjald af skipum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lagafrumvarp þetta er hið sama sem skattanefndin samdi um vitagjald af skipum og hafði þann tilgang, að breyta lögum 16. nóvbr. 1907 um sama efni í tveim atriðum. Að öðru leytinu átti að hækka vitagjaldið af öllum skipum um 5 auro af smálest hverri, og að hinu leytinu átti að koma innlendum fiskiskipum undir vtiagjaldsskylduna. Álagan á íslenzk fiskiskip kom eftir álitsskjali nefndarinnar í stað þess, að lausafjárskatturinn af fiskiskipum átti að falla niður. Þótt breytingin á skattalögunum komist ekki á samtímis, og lausafjárskatturinn haldist, verður samt að álita, að þessi litilfjórlega áлага á íslenzk fiskiskip sé fullkomlega sanngjörn. Útgjöld landssjóðs til vitanna hafa vaxið mikið, og eru áætluð 1912 og 1913 82,000 kr. (en tekjurnar af vitagjaldi 40,000 kr.), og mörg af hinum meiri háttar aukaútgjöldum landssjóðs koma siglingum og fiskiveiðum að notum; til þess eru meðal annars útgjöldin til loftsketasambandsins við Vestmanneyjar, sem nú er stungið upp á að koma á.
